

GJALDSKRÁ

vegna meðhöndlunar úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi nr. 498/2010.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjald miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni. Söfnunartíðni úrgangs við heimili og stofnanir í þéttbýli og dreifbýli í sveitarfélaginu er á 8 vikna fresti.

Hver ílátastærð við íbúðarhúsnæði inniheldur tunnu fyrir lífúrgang, tunnu fyrir plast, tunnu fyrir pappír og tunnu fyrir heimilisúrgang.

Sorphirðugjald miðað við ílátastærð:

240 lítra tunna	38.070 kr.
660 lítra tunna	53.705 kr.
1.100 lítra tunna	56.085 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu íbúðarhúsnæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem og af frístundahúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annað en garðaúrgangs, tímbers og spilliefna, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Sorpeyðingargjald m.v. ílátastærð:

240 l	22.260 kr.
660 l	71.210 kr.
1.100 l	120.410 kr.
Frístundahúsnæði	20.065 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhúsnæði, lögbýli og frístundahúsnæði fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 6 m³ af úrgangi.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustað og miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Sorpeyðingargjald fyrir dýrahæ:

Sorpeyðingargjald vegna dýrahæja er lagt á alla aðila með búrekstur.

Gjaldflokkur 1 (mikil notkun)	120.000 kr.
Gjaldflokkur 2	80.000 kr.
Örbú	15.000 kr.

Skilgreiningar á gjaldflokkum:

Gjaldflokkur 1

- i. Öll kúabú með yfir 300.000 l greiðslumark.
- ii. Kúabú með umtalsverða aðra starfsemi t.d. með fleiri en 100 fjár.
- iii. Sauðfjárbú með yfir 1.000 fjár.
- iv. Svínabú með gripafjölda yfir 600 svín.

Gjaldflokkur 2

Stærð bóa sem ekki falla undir gjaldflokk 1 eða örbú.

Örbú: Öll bú eða aðilar sem eru með undir 50 hross og 50 fjár og ljóst er að landbúnaður er aukabúgrein en ekki í raun atvinna viðkomandi.

Undabágur og afslættir:

Eldri borgarar geta sótt um afslátt af gjaldi minni bóa. Á það einungis við um bú sem rekin eru á kennitölu viðkomandi eldri borgara. Veittur er þá 40% afsláttur, þannig að 80.000 kr. fara þá niður í 48.000 kr.

Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að fá gjaldið fellt niður.

Hægt er að sækja um 40% afslátt ef sýnt er fram á að velta tengd dýrahaldi sé undir 5 milljónum = 48.000 kr.

Aðilar með búrekstur og ársveltu undir 5 m.kr. geta sótt um 40% afslátt af gjaldi fyrir dýrahæ.

4. gr.

Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fyrirtæki, lögbýli og frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustað eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustað eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar.

Á móttökustöðvum sveitarfélagsins er tekið á móti almennu sorpi, grófum úrgangi, málmum, brotajárni, lituðu timbri og dýrahæjum auk spilliefna, raftækja og öðru sem telst sorp frá heimilum og fyrirtækjum.

Gjaldtaka á móttökustað miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöðvar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Móttökugjald á ½ m³ af óflokkuðum úrgangi er 3.970 kr.

Móttökugjald á ½ m³ af flokkuðu sorpi er 2.060 kr.

5. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpeyðingargjalda skulu vera þeir sömu og fasteignaskatts og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjalddagi sorpeyðingargjalds vegna dýrahæja er í október ár hvert.

Fyrir móttöku úrgangs á móttökustöðvum sem ekki er inneign fyrir skv. klippikortum skal greiða við afsetningu á móttökustað.

6. gr.

Innheimta.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

7. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 8. desember 2021. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá um sorphirðu-, sorpeyðingu og seyrulösun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi nr. 181/2021.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 20. desember 2021.

Sylvía Karen Heimisdóttir sveitarstjóri.